

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/1795**2019/EES/101/16**

frá 24. október 2019

um breytingu á reglugerðum (ESB) 2019/501 og (ESB) 2019/502 að því er varðar gildistíma þeirra

(Texti sem varðar EES) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 91. gr. og 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland („Bretland“) fram tilkynningu um þá fyrirætlun sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland frá og með þeim degi þegar útgöngusamningur tekur gildi eða, sé ekki um slíkan samning að ræða, tveimur árum eftir tilkynninguna, nema leiðtogaráðið, í samráði við Bretland, ákveði einróma að framlengja það tímabil.
- 2) Í því skyni að undirbúa þann möguleika að Bretland gangi úr Sambandinu án samnings 30. mars 2019 voru reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/501 ⁽³⁾, þar sem stefnt er að því að tryggja grunntengjanleika í vöruflutningum og farþegaflutningum á vegum milli Sambandsins og Bretlands, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/502 ⁽⁴⁾, þar sem stefnt er að því að tryggja grunntengjanleika í flugsamgöngum milli Sambandsins og Bretlands, samþykktar 25. mars 2019.
- 3) Eftir að hafa fallist á fyrstu framlenginguna 22. mars 2019 samþykkti leiðtogaráðið ákvörðun (ESB) 2019/584 ⁽⁵⁾ 11. apríl 2019 þar sem það féllst á, í kjölfar frekari beiðni frá Bretlandi, að framlengja frestinn, sem kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, til 31. október 2019. Nema því aðeins að útgöngusamningur, sem gerður er við Bretland, hafi öðlast gildi eigi síðar en daginn eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland eða að leiðtogaráðið ákveði einróma, í samráði við Bretland, að framlengja í þriðja sinn frestinn, sem kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, mun fresturinn, sem kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, renna út 31. október 2019.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 279I, 31.10.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 272/2019 frá 31. október 2019 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Álit frá 25. september 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 22. október 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 24. október 2019.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/501 frá 25. mars 2019 um sameiginlegar reglur til að tryggja grunntengjanleika í vöruflutningum og farþegaflutningum á vegum að því er varðar útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Sambandinu (Stjtið. ESB L 85I, 27.3.2019, bls. 39).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/502 frá 25. mars 2019 um sameiginlegar reglur til að tryggja grunntengjanleika í flugsamgöngum að því er varðar útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Sambandinu (Stjtið. ESB L 85I, 27.3.2019, bls. 49).

(5) Ákvörðun leiðtogaráðsins (ESB) 2019/584 sem tekin var í samráði við Bretland 11. apríl 2019 um að framlengja frestinn skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið (Stjtið. ESB L 101, 11.4.2019, bls. 1).

- 4) Reglugerð (ESB) 2019/501 fellur úr gildi 31. desember 2019 og reglugerð (ESB) 2019/502 fellur úr gildi 30. mars 2020. Til að bregðast við áhrifunum af sjö mánaða framlengingu frestsins, sem kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, ætti að framlengja gildistími þessara reglugerða, að teknu tilliti til þeirra meginreglna sem liggja til grundvallar viðbúnaðarráðstöfunum og upphaflega áætlaðs gildistíma þeirra.
- 5) Þrátt fyrir að fresturinn, sem kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, hafi verið framlengdur ætti að framlengja gildistíma reglugerðar (ESB) 2019/501 um sjö mánuði fram til 31. júlí 2020 til að viðhalda níu mánaða gildistíma frá útgöngu Bretlands úr Sambandinu, eins og upphaflega var gert ráð fyrir, og til að tryggja, að því er varðar gildistíma hennar, að markmiðinu með þeirri reglugerð, sem er að viðhalda tímabundið grunntengjanleika á vegum við útgöngu Bretlands úr Sambandinu, sé náð.
- 6) Nauðsynlegt er að tryggja að unnt sé að sækja farþega og skila þeim á landamærasvæði Írlands í tengslum við alþjóðlega reglubundna farþegaflutninga og sérstaka reglubundna farþegaflutninga milli Írlands og Norður-Írlands á sama sex mánaða tímabilinu, eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Í stað tilvísunarinnar í lokdagsetninguna, sem um getur í d-lið 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/501, ætti því að koma tilvísun í sex mánaða tímabil frá og með þeim degi þegar sú reglugerð kemur til framkvæmda.
- 7) Til að tryggja samfelldni í því að farþegar séu sóttir og þeim skilað á landamærasvæði Írlands í tengslum við alþjóðlega reglubundna farþegaflutninga og sérstaka reglubundna farþegaflutninga milli Írlands og Norður-Írlands ætti einnig að aðlaga gildistíma leyfa, sem eru gefin út til handa hópbifreiðafyrirtækjum frá Bretlandi sem um getur í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/501, að nýju dagsetningunni þegar sú reglugerð fellur úr gildi.
- 8) Aðlaga ætti frestinn, sem framkvæmdastjórnin hefur til að beita framseldu heimildunum sem um getur í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/501, að nýju dagsetningunni þegar sú reglugerð fellur úr gildi.
- 9) Með hliðsjón af sjö mánaða framlengingu frestsins, sem kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, og ef engar aðlaganir eru fyrir hendi, myndi reglugerð (ESB) 2019/502 gilda í innan við helming tímabilsins sem upphaflega var gert ráð fyrir, ef hún félli úr gildi 30. mars 2020. Þetta myndi takmarka umtalsvert tímabilið sem flugrekendur í Bretlandi hefðu til að starfrækja flug til Sambandsins. Af þessum sökum ætti að framlengja gildistíma reglugerðar (ESB) 2019/502 um sjö mánuði til að endurspegla tímabilið sem var upphaflega fyrirhugað. Til að samræma við síðasta dag sumarátelnar Alþjóðasambands flugfélaga árið 2020 ætti reglugerð (ESB) 2019/502 að falla úr gildi eigi síðar en 24. október 2020.
- 10) Í ljósi þess hversu útganga Bretlands úr Sambandinu er brýnt málefni var álitid viðeigandi að veita undanþágu frá átta vikna frestinum, sem um getur í 4. gr. bókunar 1 um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu sem fylgir sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.
- 11) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi sem fyrst eða daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún ætti að koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland. Hún ætti þó ekki að koma til framkvæmda ef útgöngusamningur, sem gerður er við Bretland í samræmi við 2. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, hefur öðlast gildi fyrir þann dag.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:*1. gr.***Breytingar á reglugerð (ESB) 2019/501**

Reglugerð (ESB) 2019/501 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað d-liðar 3. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„d) farþegar sóttir eða þeim skilað á landamærasvæði Írlands í tengslum við alþjóðlega reglubundna flutninga og sérstaka reglubundna flutninga milli Írlands og Norður-Írlands á sex mánaða tímabili sem hefst þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, eins og sett er fram í annarri málsgrein 12. gr.“

- 2) Í stað 3. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Þau leyfi sem eru áfram í gildi skv. 2. mgr. þessarar greinar má nota áfram í þeim tilgangi sem tilgreindur er í 1. mgr. þessarar greinar ef þau hafa verið endurnýjuð samkvæmt sömu skilmálum og skilyrðum eða þeim breytt með tilliti til biðstöðva, fargjalda eða áætlunar og með fyrirvara um reglurnar og málsmeðferðarreglurnar, sem settar eru fram í 6.–11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009, í gildistíma sem er að hámarki til 31. júlí 2020.“

3) Í stað 1. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til 31. júlí 2020 til að samþykkja framseldu gerðirnar sem um getur í 2. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 8. gr.“

4) Í stað fjórðu málsgreinar 12. gr. kemur eftirfarandi:

„Reglugerð þessi fellur úr gildi 31. júlí 2020.“

2. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 2019/502

Í stað b-liðar 4. mgr. 16. gr. kemur eftirfarandi:

„b) 24. október 2020.“

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

Þessi reglugerð skal þó ekki koma til framkvæmda ef útgöngusamningur, sem gerður er við Bretland í samræmi við 2. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, hefur öðlast gildi eigi síðar en daginn eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 24. október 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

D. M. SASSOLI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

T. TUPPURAINEN

forseti.